

Reglugerð um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín (IV).

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um innflutning og útflutning á víni milli Íslands og annarra ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu. Vín sem upprunnið er frá landi utan Evrópska efnahagssvæðisins heyrir ekki undir reglugerðina, samanber bókun 47 við EES-samninginn.

2. gr.

Innleiðing reglugerða.

Eftirfarandi reglugerðir Evrópusambandsins um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín skulu gilda á Íslandi með þeirri aðlögun sem fram kemur í viðkomandi ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar:

a. *Fylgiskjöl með sendingum vínafurða og skrár sem skal halda fyrir vingeirann:*

- i. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 314/2012, frá 12. apríl 2012 (sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB, nr. 36/2014, 12. júní 2014, bls. 245), um breytingu á reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 555/2008 og (EB) nr. 436/2009 að því er varðar fylgiskjöl með sendingum vínafurða og skrár sem skal halda fyrir vingeirann, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2014, frá 16. maí 2014, um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín.

b. *Flokkar vínræktarafurða, vínfræðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir þar að lútandi:*

- i. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 315/2012, frá 12. apríl 2012 (sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB, nr. 36/2014, 12. júní 2014, bls. 318), um breytingu á reglugerð (EB) nr. 606/2009, um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 að því er varðar flokka vínræktarafurða, vínfræðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir þar að lútandi, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2014, frá 16. maí 2014, um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín.

3. gr.

Gildistaka og lagastoð.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 193. gr. tollalaga nr. 88/2005, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 23. október 2014.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Erna Hjaltested.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.